

Abbadísinn sem hvarf

[ásamt Ármanni Jakobssyni]

Í 108. kafla C-gerðar *Þorláks sögu* er jarstein af bókfróðri nunnu á Þverá sem fær „svo mikinn augnakrankleika að hún mátti sér ekki við heilagra bóka lestur skemmta.“ Hún heitir á Guð og heilagan Þorlák til árnaðarorðs og fær þegar bata þannig að hún getur haldið áfram að lesa helgisögur sér til skemmtunar. Kona þessi er nefnd „systir Katrín er síðan var fyrst og þó langa tíma síðan abbadís að Stað í Reynisnesi.“¹ Verður þessi setning ekki skilin á annan veg en að Katrín þessi hafi verið fyrsta abbadís í Reynisnesi og stjórnað því klaustri lengi.

Í mörgum annálum segir að Katrín hafi verið vígð abbadís í Reynisnesi árið 1298 (Annáll Henriks Høyer segir raunar 1299).² En síðan vill svo einkennilega til að þessi lærdómskona gufar hreinlega upp. Hennar er hvergi getið í annálum eftir það og í fornbréfum sem tengjast Reynisnesi er hún heldur ekki nefnd á nafn. Í skrá um Reynistaðaklaustur frá 1295 segir frá stofnun þess. Þar er Katrínar ekki getið en sagt að „herra Jörundur byskup og frú Hallbera abbadís settu þar systra klaustur.“³ Verður ekki betur séð en að fyrsta abbadísinn í Reynisnesi hafi heitið Hallbera en ekki Katrín.

Hallbera þessi er vel þekkt. Hún er Þorsteinsdóttir og af ætt Oddaverja, dótturdóttir Filippusar Sæmundssonar. Í *Skálholtsannál* er hún sögð vígð til Skagafjarðar árið 1299.⁴ Í staðfestingu á stofnskrá

¹ *Biskupa sögur* II 2002, 262. Stafsetning er hér og annars staðar færð til nútímahorfs af greinarhöfundum.

² *Islandske Annaler indtil 1578* 1888, 72, 145, 198, 339 og 386.

³ *Diplomatarium Islandicum* II 1888, 300.

⁴ *Islandske Annaler indtil 1578* 1888, 199.

klaustursins frá 1315 kemur fram að hún hafi haft forgöngu um stofnun klausturs í Reynisnesi.⁵ Hún er nefnd abbadís í *Lárentíus sögu* árið 1295 og fær lofsamlegan dóm. Segir frá því að Lárentíus orti til hennar vers og sýndi erkibyskupnum í Niðarósi. „Er hún góð kona?“ sagði erkibyskupinn, „er þú hefir svo lofað hana.“ — „Það halda menn satt á Íslandi.“⁶ Hallbera er síðan lengi abbadís á Stað og deyr 1330. Kemur fram í *Lárentíus sögu* að eftir hana hafi systir Guðný Helgadóttir verið kjörin abbadís.⁷

En nú flækist málið heldur betur. Í annálsbroti úr Skálholti segir frá andláti Hallberu árið 1330 en systir Guðný er hvergi nefnd á nafn. Þess í stað segir: „Þó Hallbera abbadís en kjörin systir Katrín.“⁸ Hér er skýndilega komin fram á sjónarsviðið önnur Katrín abbadís sem líkt og nafna hennar hverfur síðan sporlaust og við sitjum uppi með tvær týndar abbadísir sem báðar heita Katrín. Hefur mörg leynilögreglusagan orðið til af minna efni.

Ef hægt væri að leysa þessa ráðgátu væri hún ekki ráðgáta. En tæpast er hægt að hverfa frá án þess að setja fram tilgátu. Ein hugsanleg lausn væri að telja að Katrín hafi verið fyrsta abbadís á Reynistað en hætt eftir ár (ef til vill hefur augnverkurinn tekið sig upp aftur) og Hallbera tekið við. Síðari Katrín er þá óútskýrð, nema þá að hún sé sú fyrri á gamals aldri, orðin skárri í augunum. Gallinn við þessa lausn er að hún hunsar með öllu þau orð *Þorláks sögu* að Katrín hafi verið „fyrst og þó langa tíma síðan“ abbadís á Stað. Á hinn bóginn er vandséð hvernig Katrín hefur farið að því að vera abbadís í Reynisnesi lengi vegna þess að Hallbera er orðin abbadís þar þegar á 10. áratug 13. aldar.

Satt að segja er bara ein leið til að komast hjá árekstri Katrínar og Hallberu og það er tilgáta okkar: Hallbera abbadís og Katrín abbadís eru ein og sama konan. Sú „góða kona“ (að mati Lárentíusar byskups) er Hallbera Þorsteinsdóttir af ætt Oddaverja. Hún gengst fyrir stofnun systraklausturs í Reynisnesi ásamt Jörundi byskupi eftir að

⁵ *Diplomatarium Islandicum* II, 398.

⁶ *Biskupa sögur* III 1998, 239–240.

⁷ *Biskupa sögur* III 1998, 431–432.

⁸ *Islandske Annaler indtil 1578* 1888, 219.

HELGISÖGUR

hafa dvalið hjá munkum á Þverá, er vígð 1298 eða 1299 og er bæði fyrsta abbadísinn þar og ríkir lengi, deyr 1330. Við vígslu (nokkrum árum eftir stofnun klaustursins) tekur hún upp nafnið Katrín og er ekki eina abbadísinn á Íslandi sem skiptir um nafn. Jórunn Hauksdóttir er í annálsbroti frá Skálholti sögð vígð í Kirkjubæ 1344 „og nefnd Agnes“. Gera má ráð fyrir að hið norræna Hallberunafn hafi ekki þótt jafn viðeigandi og nafn heilagrar Katrínar sem var ein svonefndra 14 hjálpara í nauðum og var meðal ástsælustu dýrlinga á miðöldum. Tók helgi hennar að breiðast út á 11. öld á Vesturlöndum en á 13. öld á Íslandi.

Mörg rök hníga að því að bókhneigð nunna velji sér Katrínarnafnið sem klausturnafn. Það er talið merkja „hin hreina“, dregið af gríska orðinu *katharos*. Agnesarnafnið sem Jórunn tók sér hefur sömu skírskotun og hefur hún eflaust haft Hallberu/Katrínu að fyrirmynd. Agnesarnafnið samsvarar gr. *agne* sem þýðir „hrein“ og var sú merking alkunn þó að vinsælla hafi orðið að bendla Agnesarnafnið við lat. *agna*: lamb, gimbur. Katrín er einnig tákn visku og mennta enda sigrar hún 50 spekinga Maxentíusar keisara með lærdómi sínum.

Loks má nefna enn eitt atriði sem hefur gert Katrínu enn vinsælli en speki hennar en það er sögnin um heilaga trúlofun⁹ hennar og Krists, sögn sem einnig hefur verið tengd nöfnu hennar frá Siena. Þessar frásagnir breiddust út á 14. öld en hugmyndarinnar sér stað í eldri myndum þar sem Katrín er sýnd þiggja hring úr hendi Jesúbarnsins. Ekki eru heimildir um að sagnir af hinni heilögu trúlofun hafi verið þekktar á Íslandi. Slíkt er þó ekki hægt að útiloka og hugmyndin hefði áreiðanlega höfðað til nunnunnar sem einnig var unnusta Krists.¹⁰

Því miður virðast nafnskipti Hallberu/Katrínar ekki hafa verið virt af öllum þó að helgisagnaritari C-gerðar geri það að sjálfsögðu. Hafa slík nafnskipti efalítið verið fágæt hér á landi. Til að mynda hefur aðdáandi hennar, Lárentíus Kálfsson, átt erfitt með að nefna hana öðru nafni en Hallberu. Af því stafar allur sá ruglingur sem hér var lýst. Til að mynda segir *Skálholtsannáll* tvisvar frá vígslu hennar, vígir

⁹ Warner 1976, 128–129 og Heffernan 1988, 175–176.

¹⁰ Um nunnuvígslur, sjá James 1953.

Katrínu í Reynisnes 1298 en Hallberu til Skagafjarðar árið 1299¹¹ og ekki nema von að menn glepjist til að halda að um tvær konur sé að ræða. Einnig nefnir ritari brots úr *Skálholtsannál* hana Hallberu þegar hann segir frá láti hennar en bætir síðan við: „en kjörin systir Katrín“ til að áréttu að hún hafi tekið vígslu undir því nafni. Ekki er verið að nefna eftirmann hennar enda heitir hún Guðný en ekki Katrín.

Tilgáta okkar leysir eflaust ekki úr öllum flækjum hinnar spennandi sögu systraklaustursins á Reynistað. En hún leysir tvo hnúta: a) Hún útskýrir hvernig Katrín gat bæði verið fyrsta abbadís í Reynisnesi og ríkt lengi og b) hún leysir gátuna um Katrínarnar sem hurfu. Þannig ber allt að sama brunni. Abbadísirnar Katrín, Hallbera og Katrín eru ein og sama konan, ein og þríein fyrsta abbadís í Reynisnesi.

Heimildir

- Biskupa sögur* II. 2002. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Íslenzk fornrit 16. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Biskupa sögur* III. 1998. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir, Íslenzk fornrit 17. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn* II. 1888. Útg. Jón Þorkelsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag.
- Heffernan, Thomas J. 1988. *Sacred Biography. Saints and their Biographers in the Middle Ages*. New York & Oxford: Oxford University Press.
- Islandske Annaler indtil 1578*. 1888. Útg. Gustav Storm. Christiania: Norsk historisk kildeskrieffond.
- James, E.O. 1953. *Christian Myths and Ritual*. London.
- Warner, Marina. 1976. *Alone of All her Sex*. London: Picador.

¹¹ *Islandske Annaler indtil 1578* 1888, 198–199.